



Stjórnarfundur Grænu Orkunnar 17.11.2022

Fundurinn fór fram í Borgartúni 35, klukkan 13:30-15:00. Mætt voru Ásta Þorleifsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, María Jóna Magnúsdóttir og Íris Hannah Atladóttir.

Jón Björn Skúlason sat fundinn og Anna Margrét Kornelíusdóttir var ritari.

1. Málefnavinna og samskipti við hagaðila

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur lagt til að ívilnanir [fyrir rafbíla í gildi út árið 2023](#) í stað fjöldakvóta sem verið hefur fyrir hreinorkubíla.

Tækjakaupastyrkir fyrir trukka ásamt fjárveitingapakka fyrir bílaleigubíla eru til umræðu en hafa ekki fengið grænt ljós enn.

Flutningabílar sem munu koma til landsins á næstu mánuðum eru 16-26 tonna tæki í innanbæjarakstri sem verða fullkárud á Íslandi og skapa störf fyrir bílasmiði. Gert er ráð fyrir að þeir verði hlaðnir á heimastöð eiganda. Gögn frá flutningafyrirtækjum sem styðja við þróunina eru að koma inn til EFLU og SVÞ. Frá 2024 ætti þróunin að komast í almenningan gang. 40% af umframkostnaði verði þá styrkt.

Rætt enn um skýrslu Hagfræðistofnunar: Vsk ívilnun þjónar ákveðnum tilgangi og er dýr aðgerð en skilar ekki hröðum samdrætti í losun en eykur fjölda bíla. En það kostar líka að bjóða ekki upp á ívilnunina.

[Áætlanir um 5% lágmarks vörugjald](#) á alla bíla voru til umræðu. Breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum nr. 29/1993. BGS hefur sett upp mólél til að reikna hagstæðustu prósentu vörugjalda. Þeir sem menga mest skuli borga aukalega.

2. Viðburðir 2022

Örfyrirlestrar Orkusjóðs gengu vel og mikil ánægja með viðburðinn. Rætt um óánægju með eftirfylgni Orkusjóðs með styrkþegum. Verkefni sem fengu styrk 2017 eru enn í gangi og dæmi eru um verkefni sem breyta forsendum miðað við það sem sótt var um. Umdeilt að styrkja kaup á liðléttingum og lyfturum sem hafa verð til í áratugi. Viðkvæmt mál sem er í umræðu en ekki hafa verið send formleg erindi vegna úthlutana.

Kynning á niðurstöðum könnunar meðal rafbíleigenda Nýorka vinnur nú að niðurstöðum könnunar sem er endurtekning á þeirri sem gerð var sumarið 2021. Mun kynna fyrir starfshópi ráðuneyta í byrjun desember.

Stærstu köll í Horizon Europe birt eftir 2-3 vikur. Velja úr köll sem eru mest relevant fyrir Ísland og kynna á sama grundvelli (bílar, batterí, skip, og fleira) í desember.

Ákveðið að kynna þetta tvennt á sameiginlegum viðburði í Borgartúni 35, þann 14. Desember 9:00-10.30.

Tillögur komu fram á síðasta fundi um að GO fjallaði um vindorku, gjaldskrá raforku, orkuskipti og uppbyggingu raforkudreifikerfisins og áhrif orkuskipta á orkuöryggi. Græna orkan tiki samtal um áhrif innleiðingar stærri tækja á dreifikerfi raforku. Rætt um að fá Samorku og fleiri inn á stjórnarfund ásamt dreififyrirtækjum eftir áramót.

3. Önnur mál

Unnið að reglugerð sem skilgreinir tæknilegar kröfur um hleðslustöðvar. OS vill meina að skv. núverandi regluverki sé allar hleðslustöðvar fyrir rafbíla ólöglegar. Það sé vegna þess að mælar séu ekki sannprófaðir skv. reglugerð nr. 876/2016 um mælitæki og reglugerð nr. 1061/2008 um eftirlit með þeim mælitækjum. Þetta þýðir að neytandinn er e.t.v. ekki að fá það sem hann telur sig vera að fá af magni raforku.

Dagsetning næsta fundar var ekki ákveðin.

Reykjavík, 21. nóvember 2022
Anna Margrét Kornelíusdóttir